

Fundur stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

08.10.2025. kl 19:00



Fundur haldinn heima hjá Formanni.

Mætt/ir eru: Dagný, Gísli Már, Guðni Þór, og Sólrún Dröfn

Dagskrá fundarins:

1. Yfirferð pósta til stjórnar.

-Stórhundadagar fyrirhugaðir og verðum við með tvo bása.

-Fyrirspurn frá ræktanda um að setja inn hvolpa auglýsingu inn á heimasíðu deildarinnar.

-Fulltrúaráðsfundur fyrirhugaður 27. Okt. Formaður tekur þann fund.

-HRFÍ býður deildum að fá bása á sýningum til að kynna starf deildanna.
Retrieverdeildin getur notfært sér það til að kynna mögulega veiðipróf?

-Fyrirspurn frá ræktanda vegna kröfu um heilsufar fyrir pörun.

2. Yfirferð fjármála frá síðasta fundi.

-Allar skráningar á meistarakeppnina eru staðfestar.

-26 manns greiddu fyrir sýningarþjálfun.

3. Starfið framundan.

-Fréttir af veiðinefnd.

Skipulagning á meistarakeppni í fullum gangi og gengur vel og er góð þátttaka á viðburðinn.

Leggja þarf drög að dagskrá veiðiprófa fyrir sumarið 2026.

-Veiðinefnd hefur ákveði að fella út besta hundur í flokki á veiðiprófum. Breyta þarf því reglum á árstitlum þar sem kveðið er á að hundur þurfi að lágmarki þrjár 1. einkunnir ásamt því að vera valinn besti hundur í flokki að minnsta kosti einu sinni. Þetta þarf að taka upp á aðalfundi deildarinnar og bera upp við félagsmenn til samþykktar.

-Fréttir af sýningarnefnd.

Ágætis aðsókn var á sýningarþjálfanir fyrir síðustu sýningu.

Bóka þarf flug og gistingu fyrir dómara á deildarsýninguna 28.desember og einnig þarf að bóka salinn.

-Fræðsla og annað sem er á dagskrá.

Arna og Guðrún ætla að vera með kynningu á fyrstu hjálpi hunda á fjöllum. Skyndi.is hefur sett saman í sjúkratöskur sem félagsmenn geta pantað í gegnum okkur. Sjúkratöskurnar verða til sýnis á viðburðinum sem verður haldinn 20.okt. í sal HRFÍ. Ákveðið var að hafa ókeypis aðgang að viðburðinum.

-Nýliðakvöld í janúar. Þarf að skipuleggja og finna dagskrá. Ákveðið var að halda nýliðakynningu miðvikudaginn 21. Janúar.

-Aðalfundur Retreiver deildar er ákveðinn 26. Febrúar.

4. Staða verkefna.

-Skil á áreiðanleika könnun til bankans. Stjórnarmenn kvitta undir aðalfundargerð.

-Beiðni frá aðalstjórn HRFÍ að bera samana Íslensku veiðireglurnar við þær Dönsku vegna vinnu við hundavef. Okkur vantar ábyrgðarmann í það verkefni.

-Skipun skoðunarmanns reikninga. Þórhallur Atlason hefur boðið fram krafta sína í það verkefni og þökkum við honum fyrir að taka það að sér.

-Styrktaraðilar.

Ákveðið að láta styrktarsamninginn við Petmark endurnýjast sjálfkrafa fyrir árið 2026.

-Rósettukaup.

Deildin þarf að kaupa rósettur í magni fyrir næstu sýningar til þess að spara flutningskostnað. Gott væri ef hægt væri að leita eftir ódýrari leiðum til að kaupa rósettur og spara flutningskostnað sem er mjög hár.

5. Önnur mál.

-Ákveðið hefur verið að hækka gjald fyrir sýningarþjálfun í 1.500kr.

-Stjórn langar að sjá hvort heilbrigðisnefnd geti tekið saman yfirlit frá DNA dögnum sem hafa verið haldnir.

Út frá þeim niðurstöðum væri gott að greina betur hvort þurfi að breyta ræktunarkröfum, þá sérstaklega með hliðsjón af EIC og SD2.

Það væri áhugavert ef hægt væri að taka saman niðurstöður svo hægt sé að rýna í heilsufar í okkar stofnum.

Fundi slitið klukkan 20:30

Gísli Már Árnason, ritari.